

**AUGLÝSING**

**um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á reglum nefnda til úthlutunar bóta samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar.**

Samkvæmt lögum nr. 29, 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar, hefur ráðuneytið staðfest reglugerð fyrir eftirtaldar úthlutunarnefndir atvinnuleysisbóta, sbr. auglýsingu ráðuneytisins, nr. 16, B-deild Stjórnartíðinda 7. febrúar 1957:

37. Nefnd Verkalýðsfélagsins Einingar, Akureyri, Iðju, félagsverksmiðjufólks, Akureyri, Félags verzlunar- og skrifstofufólks, Akureyri, Sjómannafélags Akureyrar, Bílstjórufélags Akureyrar og Sveinafélags járníðnaðarmanna, Akureyri. Staðfest 26. apríl 1967.
38. Nefnd Verkalýðsfélagsins Skjaldar, Flateyri. Staðfest 28. des. 1967.
39. Nefnd Verkamannafélagsins Þórs og Bílstjórufélagsins Ökuþórs. Staðfest 28. des. 1967.
40. Nefnd Verkalýðsfélagsins Stjórnunar, Grundarfirði, Snæfellsnessýslu. Staðfest 28. des. 1967.

*Félagsmálaráðuneytið, 29. desember 1967.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Gunnlaugur Þórðarson.*

**AUGLÝSING**

**um breytingar á gjaldskrá Hitaveitu Reykjavíkur nr. 164/1962, sbr. breytingu nr. 235/1963, sbr. breytingu nr. 166/1965, sbr. breytingu nr. 167/1966.**

1. gr.

Í stað kr. 7.63 í 3. gr. komi kr. 9.00.

2. gr.

Í stað kr. 66.00 í a-lið 4. gr. komi kr. 78.00, í stað kr. 150.00 í b-lið komi kr. 175.00, og í stað kr. 300.00 í c-lið komi kr. 350.00.

3. gr.

Breytingar þessar öðlast gildi frá 1. janúar 1968.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Verðhækkun sú, sem ákveðin er með þessari gjaldskrá, skal framkvæmd samkvæmt eftirfarandi reglum:

1. Notkun samkvæmt mælaálestri í janúar skal greidd eftir eldri gjaldskrá með 6% álagi.
2. Notkun samkvæmt mælaálestri í febrúar skal greidd eftir eldri gjaldskrá með 12% álagi.